

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Búlandshrepps og Djúpavogs 1989-2009, Hlíðarvegur og Borgarland, Djúpavogshreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. janúar 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Búlandshrepps og Djúpavogs 1989-2009 frá 14. júní 1990.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði suðvestan við Hlíðarveg stækkar til norðurs á kostnað opins svæðis til sérstakra nota. Hlíðarvegur er jafnframt stytur og gerður að botnlangagötu. Íbúðarsvæði við Borgarland stækkar (um tvær lóðir) og gatan lengist til austurs á kostnað opins svæðis til sérstakra nota.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og sveitarstjórn Djúpavogshrepps yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. janúar 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.